

Fljótsdalshreppur
Gunnþórunn Ingólfssdóttir,
oddviti
Fremri-Viðivöllum
701 Egilsstaðir

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
17 SEPT. 2009 54.23	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. september 2009
Tilvísun: UST20090600099/bs

Viðivellir ytri I. Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar.


Vísað er til bréfs Fljótsdalshrepps dags. 15. júní 2009 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu.


Stærð deiliskipulagssvæðisins er um 19,4 ha. Þegar hafa verið reistir 2 sumarbústaðir. Fyrirhuguð sumarhúsabyggð er í kjarri vaxinni hlíð, en ráðgert er að byggðin verði að mestu í jaðri birkiskógarins.

Umhverfisstofnun telur að ekki ætti að skipuleggja sumarhúsabyggð ofar í hlíðinni en gert er í umræddri tillögu í því skyni að hlífa birkikjarri. Stofnunin bendir á að ruðningur á náttúrulegum skógi er tilkynningaskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu skv. 2. viðauka 1. gr. d laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun